

Leiðbeiningar um framtal starfa (ársmat og grunnmat) og fylgigögn

ATH: Við grunnmat þarf ekki að skila inn fylgigögnum. Einungis þarf að senda ritaskrá á tölvutæku formi til rannsoknir@unak.is

Starfsmenn í Félagi háskólakennara leggja fram skýrslu um störf sín fyrir 1. mars og starfsmenn í Félagi prófessora við ríkisháskóla fyrir 1. febrúar ár hvert. Störf kennara og sérfræðinga eru metin til stiga samkvæmt matsreglum sem settar voru 19. desember 2009 og ræður stigafjöldi röðun í launaflokk. Skýrslan gildir jafnframt sem umsókn um greiðslu úr vinnumatssjóði og ritlauna- og rannsóknasjóði. Greitt er úr sjóðnum 1. september og ræður fjöldi rannsóknastiga hvernig sjóðurinn skiptist. Um leið er röðun kennara og sérfræðinga í launaflokka endurskoðuð.

Skila skal skýrslu á tölvutæku formi. Við mat er farið eftir matsreglum sem settar voru 19. desember 2009. Skýrslan skal vera flokkuð í samræmi við matsreglur. Matið byggir á upplýsingum og framlögðum gögnum og er því mikilvægt að upplýsingar séu sem gleggstar og að viðeigandi gögn fylgi framtali. Tækifæri gefst til þess að gera athugasemdir við mat.

Óski starfsmaður eftir sérstöku mati á bók eða grein sbr. grein A.b) í matsreglum skal rökstuðningur fylgja. Sama á við ef óskað er eftir endurmati á eldra verki sbr. grein A.c) í matsreglum. Leiði endurmat á eldra verki til fjölgunar stiga hefur það ekki áhrif á greiðslur úr vinnumatssjóði.

Ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskólanum á Akureyri (e. University of Akureyri) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs.. Engin stig, hvorki fyrir rannsoknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

A. Rannsóknir

A1. Prófrítgerðir (kandídats-, meistara- og doktorsritgerðir) (15 stig/30 stig)

Lýsing: Lokaritgerðir á meistara- og doktorsstigi.

Fylgigögn: Eintak af ritgerð þarf að fylgja.

Það sem þarf að koma fram: Titill og blaðsíðufjöldi og hvaða háskóla prófrítgerð er skrifuð og hvenær.

A2. Bækur (0-100 stig)

Lýsing:Fræðilegar bækur.

Fylgigögn: Eintak af bók . Athugið ekki nægir að senda inn handrit eða próförk.

Það sem þarf að koma fram: Titill bókar, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda A3

Bókarkafar (0-20 stig)

Lýsing: Fræðilegir kaflar í bókum.

Fylgigögn: Ljósrit af bókarkafli ásamt ljósriti af forsíðu bókar og efnisyfirliti. Sérprent nægir einnig. Ef um mjög langa kafla er að ræða má senda inn alla bókina

Það sem þarf að koma fram: Titill bókarkafla, nafn bókar, útgáfuár, útgefandi, blaðsíðutal í bók og nafn/nöfn höfunda.

A4 Greinar í fræðiritum (0-20 stig)

Lýsing: Greinar í ritrýndum tímaritum innanlands og erlendis. Sjá lista yfir íslensk tímarit og mat á þeim.

Fylgigögn: Ljósrit af grein og af forsíðu/tiltílsíðu tímarits og efnisyfirliti. Sérprent nægir einnig svo og tilvísun í heimasíðu/gagnabanka á vef.. Ekki nægir að senda inn handrit eða grein í próförk.

Það sem þarf að kom fram: Titill greinar, nafn tímarits, útgáfuár og tölublað, útgefandi, blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda. Öll nöfn þurfa að koma fram.

A5 Greinar í ráðstefnuriti (0-10 stig)

Lýsing: Greinar í ritrýndum ráðstefnuritum.

Fylgigögn: Ljósrit af ráðstefnugrein ásamt ljósriti af forsíðu og efnisyfirliti ráðstefnurits eða tilvísun í heimasíðu/gagnabanka á vef.

Það sem þarf að koma fram: Koma þarf fram frá hvaða ráðstefnu grein er (ekki skammstafað), hver heldur ráðstefnuna, hvar og hvenær hún er haldin. Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu: Titill greinar, nafn ráðstefnurits, útgáfuár, nafn ráðstefnu, staður, dags. ráðstefnu, útgefandi, blaðsíðutal í riti og nafn/nöfn höfunda bókarkafla.

A6 Fyrirlestrar og veggspjöld (0-5 stig)

Almennt: Stig fyrir erindi og veggspjöld eru veitt þeim sem flytur. Þó fá kennarar og sérfræðingar stig ef erindi/veggspjald er flutt/kynnt af stúdent þeirra og er stigafjöldi þá reiknaður samkvæmt almenntri deilireglu og miðað við að höfundar séu tveir.

Þegar kennari eða sérfræðingur er með óvenju mörg framlög (veggspjald og/eða erindi) á sömu ráðstefnu eða á einu ári er heimilt að setja þak á stigamat ef ástæða þykir til.

Fyrirlestrar - almennt:

Lýsing: Erindi á ráðstefnum málþingum, málstofum og fundum fyrir faghópa.

Fylgigögn: Dagskrá ráðstefnu eða fundar verður að fylgja. Boðsbref þarf að fylgja framtali þegar um er að ræða plenum fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur (A6.1) eða opinberan boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (A6.2). Ekki þarf að senda inn útprentað erindi, en er þó heimilt. Plenumfyrirlestur á mjög stórrí ráðstefnu (fleiri en 1.000 þátttakendur) má meta til 10 stiga.

Það sem þarf að koma fram: Nafn erindis, nafn ráðstefnu, staður, dagsetning flutnings, nöfn höfunda og nafn flytjanda. Koma þarf fram hver heldur ráðstefnuna (ekki skammstafað) og hvar hún er haldin. Sé erindi flutt af nemanda þarf það að koma fram.

Veggspjöld - almennt:

Lýsing: Veggspjöld á ráðstefnum.

Fylgigögn: Dagskrá ráðstefnu þarf til staðfestingar á kynningu veggspjalds.

Það sem þarf að koma fram: Titill veggspjalds, nafn ráðstefnu, staður, dagsetning kynningar, nafn/nöfn höfunda. Koma þarf fram hver heldur ráðstefnuna (ekki skammstafað) og hvar hún er haldin.

A7 Ritstjórn (0-20 stig)

Almennt: Einungis er átt við fræðilega ritstjórn ritrýndra tímarita og ritstjórn ritrýndra bóka. Með fræðilegri ritstjórn er átt við að ritstjórnarvinnan byggir á sérfræðipækkingu ritstjórans. Ekki er því um að ræða ritstjórn sem lýtur fyrst og fremst að frágangi texta.

Ritstjóri tímarits:

Lýsing: Ritstjórn ritrýndra tímarita. Veitt eru þrjú stig fyrir ritstjórnarvinnu sem einkum felur í sér ákvörðun um birtingu efnis. Ef ritstjórn lýtur einnig að inntaki og efnistökom einstakra greina, gagnrýni og fræðilegum athugasemdum, eru veitt þrjú stig til viðbótar. Sinni sami maður hvoru tveggja er því heimilt að veita honum 6 stig fyrir hvert hefti.

Fylgigögn: Ljósrit af forsíðu tímarits og ljósrit af innsíðu þar sem upplýsingar um ritstjórn koma fram eða tilvísun í heimasíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram verður að fylgja umsókn.

Það sem þarf að koma fram: Nafn tímarits, útgáfuár og útgáfunúmer, útgefandi, fjöldi tölublaða á árinu auk lýsingar á eðli ritstjórnarvinnu (ákvörðun um birtingu efnis og/eða inntak og efnistökom einstakra greina, gagnrýni og fræðilegar athugasemdir)

Ritstjóri bókar:

Lýsing: Fræðilegur ritstjóri bókar sem hefur í senn ákvörðunarvald um birt efni og sinnir ritstjórn einstakra bókarkafila. Mat á ritstjórn fer enn fremur eftir umfangi bókar og flokkun hennar skv. A2. Unnt er að óska eftir sérstöku mati fyrir verulega umfangmikla ritstjórn, sbr. matsreglur.

Fylgigögn: Ljósrit af forsíðu bókar og ljósrit af innsíðu þar sem upplýsingar um ritstjórn koma fram verður að fylgja umsókn. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk.

Það sem þarf að koma fram: Titill bókar, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn ritstjóra.

A8 Skýrslur, ritdómar og þýðingar (0- 25 stig)

Skýrslur:

Lýsing: Skýrsla/álitsgerð þarf að hafa verið gefin út, hafa útgáfunúmer og vera aðgengileg á bókasafni eða á annan hátt. Óútgefnar og óaðgengilegar skýrslur/álitsgerðir eru ekki metnar til stiga. Skýrslur geta einnig verið metnar til þjónustustiga undir lið D4. Skýrslur sem eru afurð þjónusturannsókna falla að jafnaði undir flokk D. Mat á skýrslum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

Fylgigögn: Eintak af skýrslu/álitsgerð fylgi eða tilvísun í heimasíðu þar sem skýrsluna er að finna. Ekki nægir að senda útprint.

Það sem þarf að koma fram: Nafn skýrslu, ártal, stofnun, blaðsíðufjöldi, útgáfunúmer eða númer í ritröð og nafn/nöfn höfunda.

Ritdómar:

Lýsing: Ritdómar í ritrýndum tímaritum þar sem allt birt efni lýtur jafnframt fræðilegri ritstjórn. Með ritdómi er átt við fræðilega umfjöllun og gagnrýni, ekki stuttar efnislegar umsagnir um einstakar bækur eða rit.

Fylgigögn: ljósrit af ritdómnum og ljósrit af titilsíðu tímarits og efnisyfirliti eða tilvísun í heimasíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram. Ekki nægir að senda inn handrit eða grein í próförk.

Það sem þarf að koma fram: Titill greinar, nafn bókar/efnis sem dæmt er og höfundur þess, nafn tímarits, ártal og tölublað, útgefandi, blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda.

Þýðingar:

Lýsing: Þýðingar efnis sem hefur verulegt fræðilegt gildi og telst vera á fræðasviði hlutaðeigandi. Endurútgáfur verka á öðrum tungumálum eru metnar til allt að 10 stiga. Átt er við þýðingar fræðirita háskólafélks sem gefnar eru út á alþjóðlegum vettvangi. Feli slík útgáfa í sér mikla fræðilega viðurkenningu er heimilt að meta verkið til fleiri stiga í samræmi við ákvæði um sérstakt mat

Fylgigögn: Eitt eintak af verki þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk. Sé um að ræða þýðingu á grein eða bókakafla þarf að koma fram hvar hún birtist.

Það sem þarf að koma fram: Titill, nafn höfundar, ártal þýðingar, útgefandi þýðingar, blaðsíðutal/fjöldi, nafn þýðanda.

A9.1 Námefnisgerð (0-10 stig)

Lýsing: námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla ef það uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Inntak námsganga er á rannsóknasviði höfundar.
2. Námsgögn bera með sér að frumrannsókn hafi farið fram.
3. Námsgögnin eru ritrýnd af sérfræðingum og gefin út af virtum útgefanda.
4. Markmið, aðferðir og ferli námsefnisgerðarinnar kemur fram í gögnum hennar, t.d. í kennsluleiðbeiningum eða í greinargerð sem höfundur lætur fylgja.

Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er námsefni metið til þjónustustiga

Fylgigögn: Námefni, kennsluleiðbeiningar og greinargerð eftir atvikum.

Það sem þarf að koma fram: Titill námsefnis, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda.

A10 Nýsköpun og yfirlýsing um þekkingarþróun (0-40 stig)

Lýsing: Við mat á nýsköpun og þekkingaryfirlýsingu er gerð rík krafa um tengsl við rannsóknir, frumleika og nýsköpun þekkingar. Mat í þessum flokki tekur einnig til listsköpunar í akademísku samhengi. Nýsköpun og þekkingaryfirlýsing er einnig heimilt að meta til þjónustustiga.

Fylgigögn: Staðfesting á birtingu verður að fylgja, eitt eintak af verki ef við á. Koma þarf fram í innsendum gögnum hvaða þátt viðkomandi á í verki.

Það sem þarf að koma fram: Titill, ártal, útgefandi, blaðsíðutal, nafn höfundar og annað eftir því sem við á.

A10.1 Sprotafyrirtæki, hönnun, nýsköpun og þekkingaryfirlýsing (0-20 stig)

Lýsing: Þekkingaryfirlýsing er metin til stiga þegar stofnun fyrirtækis eða gerð sammings felur í sér birtingu nýrrar þekkingar eða nýsköpunar í vísindum. Enn fremur er litið til þeirra áhrifa sem starf fyrirtækis hefur haft á starfsemi viðkomandi háskóla og tengsla þess við hann. Að jafnaði eru sprotafyrirtæki því ekki metin fyrr en að 5 árum liðnum

Fylgigögn: Greinargerð um starfið skal fylgja framtali.

Það sem þarf að koma fram: Greinargerð um starfið.

A10.2 Hugbúnaður (0-20 stig)

Lýsing: hugbúnaður sem felur í sér þekkingarsköpun og/eða nýjar lausnir í hugbúnaðargerð. Birtingarformið er hugbúnaður með dreifingu sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. open source).

Fylgigögn: Greinargerð með lýsingu á hugbúnaði.

Það sem þarf að koma fram: Nafn hugbúnaðar, nafn/nöfn höfunda, stærð hugbúnaðar og birtingarform.

A10.3 Sálfræðiþróf (0-5 stig)

Lýsing: Þróf sem eru útgefin og aðgengileg og fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

Fylgigögn: Afrit af sálfræðiþrófi.

Það sem þarf að koma fram: Nafn prófs, nafn/nöfn höfunda, útgáfuaðili, blaðsíðutal.

A10.4 Lagafrumvörp (að jafnaði 2 stig)

Lýsing: Aðeins eru metin til stiga lagafrumvörp sem fela í sér frumrannsóknir og rannsóknavinnu sem ekki hefur birst á öðru formi. Heimilt er að meta vinnu við lagafrumvörp sem ekki uppfylla framangreint skilyrði til þjónustustiga. Í sumum tilvikum felur gerð lagafrumvarpa í sér umtalsverða rannsóknavinnu. Undir slíkum kringumstæðum er heimilt að meta þau til allt að 10 stiga. Höfundur þarf að óska sérstaklega eftir slíku mati með rökstuðningi. Mat á lagafrumvörpum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þegar ekki kemur fram í lagafrumvarpi hver eða hverjir höfundar þess eru þarf staðfesting á því að fylgja framtali.

Fylgigögn: Útprentað frumvarp eða tilvísun á vef, staðfesting á höfundarhlutdeild og greinargerð ef við á.

Það sem þarf að koma fram: Nafn/nöfn höfunda, titill lagafrumvarps, dagsetning.

A10.5 Einkaleyfi (10-15 stig)

Lýsing: Aðeins birt einkaleyfi eru metin til stiga. Þegar einkaleyfaumsókn er birt fást 10 stig og 5 viðbótarstig ef einkaleyfið er veitt. Ekki eru veitt stig fyrir endurbirt einkaleyfi eða einkaleyfaumsóknir.

Fylgigögn: Stjórnslýsla rannsókna aflar staðfestinga á einkaleyfum.

Það sem þarf að koma fram: Nafn einkaleyfis, nöfn höfunda, númer einkaleyfisumsóknar/einkaleyfis.

A10.6 Þróunarstarf í skólum og öðrum stofnunum (0-10 stig)

Lýsing: Þróunarstarf í skólum sem byggist á rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Um er að ræða þróunarverkefni sem fela í sér yfirfærslu nýrrar þekkingar á vettvangi skólustarfs. Þróunarverkefni eru metin að þeim loknum. Þarf að liggja skilgreining á verkefninu og áætlun um framkvæmd þess. Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Við mat á þróunarverkefni er auk framangreinds litið til þess hve víðtækt verkefnið er og hvort jafningjamat hafi farið fram. Uppfylli þróunarverkefni ekki framangreind skilyrði er heimilt að meta það til þjónustustiga. Heimilt er að meta sambærilega þekkingaryfirfærslu innan annarra stofnana, sem uppfyllir viðlíka skilyrði og að framan greinir, til stiga í þessum flokki.

Fylgigögn: Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Staðfesting frá þriðja aðila.

Það sem þarf að koma fram: Nafn verkefnis, nafn/nöfn starfsmanna verkefnis, umfang, lokadagsetning.

A10.7 Nýsköpun í listum (0-40 stig)

Lýsing: Listsýningar (einkasýningar eða samsýningar), tónsmíð eða leikverk sem flutt eru opinberlega, tónlistarflutningur og leiktúlkun. Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sinni fastrí kennslu sem lýtur sérstaklega að listsköpun og listaverkum (þ.m.t. bókmenntaverkum). Kennarar eru ekki bundnir einstökum listgreinum í þessu tilliti (þannig getur t.d. kennari í myndlist fengið stig fyrir leikverk eða tónleikahald).

Fylgigögn: : Staðfesting á starfi þarf að fylgja umsókn, s.s. afrit af dagskrám eða staðfesting 3ja aðila.

Það sem þarf að koma fram: Eftir eðli nýsköpunarinnar.

A11 Tilvitnanir.

Lýsing: Tilvitnanir í ISI Web of Science og aðrar tilvitnanir í fræðitímaritum og bókum. Tilvitnanaleit er alltaf gerð í grunnmati, en eftir það er hægt að óska eftir nýrri talningu í ársmati.

Fylgigögn: staðfestingu á að vitnað hafi verið til verka starfsmanns í ritum sem ekki eru skráð í ISI Web of Science. Stjórnarsýsla rannsókna aflar upplýsinga um tilvitnanir í ISI.

Fylgigögn: Útprint

A12 Styrkir úr samkeppnissjóðum (0-20 stig/ári)

Lýsing: Miðað er við árlega heildarupphæð styrkja úr rannsóknasjóðum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem bókfærðir eru í bókhaldskerfi viðkomandi háskóla eða tengdra stofnana hans. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær stigin nema ef samkomulag styrkþega kveður á um annað. Stig vegna styrkja koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði.

Fylgigögn: Stjórnarsýsla rannsókna aflar staðfestinga úr bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Undirritað samkomulag um skiptingu stiga fyrir styrki, ef við á.

Það sem þarf að koma fram: Nafn sjóðs, upphæð styrks.

B. Kennsla

B1. Kennslureynsla

Lýsing: Kennsla á háskólastigi. Fastráðnir kennarar fá kennslustig í samræmi við starfshlutfall. Kennsla annarra starfsmanna við háskóla og í akademískum skiptiáætlunum er einnig metin til stiga.

Fylgigögn: Óþarfi.

Það sem þarf að koma fram: Þarf einungis fyrir stundakennslu annarra en kennara og kennslu í akademískum skiptiáætlunum: nafn námskeiðs, fjöldi eininga og hlutdeild í kennslunni (umsjón og/eða kennsla að hluta eða öllu leyti).

B2. Kennslurit (0-60 stig).

B2.1. Smárit eða kennsluefni á vefnum (0-3 stig)

Lýsing: Frumsamið kennsluefni til háskólakennslu. Heimilt er að meta bráðabrigðarútgáfur kennslurita samkvæmt lið 2.1., en þau eru metin samkvæmt 2.2. þegar þau koma út í endanlegri útgáfu.

Fylgigögn: Eitt eintak af frumsömdu verki eða tilvísun í heimasíðu.

Það sem þarf að koma fram: Nafn verks, útgáfu- eða birtingarár, dreifingaraðili, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda.

B2.2. Kennslurit, kennslubækur. 5-60 stig

Lýsing: Útgefið kennsluefni til háskólakennslu.

Fylgigögn: Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk.

Það sem þarf að koma fram: Titill, ártal, lengd, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda.

B3. Leiðbeining stúdenta og andmæli (0-10 stig)

Lýsing: Aðkoma að leiðbeiningu stúdenta á meistara- og doktorsstigi. Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

Fylgigögn: Ljósrit af titilsíðu og efnisyfirliti prófritgerðar fylgi skýrslu og/eða önnur staðfesting.

Það sem þarf að koma fram: Nafn nemanda, titill ritgerðar, nafn stofnunar, blaðsíðufjöldi, einingafjöldi. Auk þess nafn/nöfn leiðbeinenda eða meðlima í doktorsnefnd eftir því sem við á.

B4. Nýsköpun í kennslu (2-10 stig)

Lýsing: Vinna við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluaðferða, gerð verkefnabanka og fleira.

Fylgigögn: Stutt skýrsla fylgi um starfið, hálf til ein blaðsíða. Staðfesting á þróunarstarfi frá þriðja aðila, til dæmis deildarforseta, þarf að fylgja umsókn.

Það sem þarf að koma fram: Lýsing á verkefni og eðli þess.

C. Stjórnun

Lýsing: Stjórnun á vegum háskóla í heild er metin í c lið en stjórnun innan deilda er ekki metin til stiga að öðru leyti. Hvað liði C10 til C12 varðar, þá þarf starfinu að vera lokið til þess að það sé metið til stiga.

Fylgigögn: Ekki þarf að skila inn fylgigögnum vegna þessara liða ef um er að ræða störf innan ríkisháskóla en staðfesting frá háskóla þarf að fylgja vegna stjórnunarstarfa við aðra háskóla. Það sem þarf að koma fram: Koma þarf fram í færslu á hvaða tímabili starfið var innt af hendi.

D. Þjónusta

D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (2-10 stig)

Lýsing: Formennska/seta í ráðstefnunefnd.

Fylgigögn: Dagskrá ráðstefnu með upplýsingum um skipulagsaðila.

Það sem þarf að koma fram: Nafn ráðstefnu, hver heldur hana (ekki skammstafað), hvar hún er haldin og hvenær. Þá verður að koma skýrt fram hvert hlutverk starfsmanns var í skipulagningunni.

D2. Opinber matsstörf (0-2 stig)

Lýsing: Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

Fylgigögn: Staðfesting á starfinu frá þriðja aðila.

Það sem þarf að koma fram: Nafn nefndar/stjórnar og starfstímabil.

D3. Seta í nefndum eða stjórnnum (0-2 stig)

Lýsing: Seta í nefndum og stjórnnum utan viðkomandi háskóla.

Fylgigögn: Staðfesting á starfinu frá þriðja aðila.

Fylgigögn: Nafn nefndar/stjórnar og starfstímabil.

D4. Álitsgerðir og skýrslur (0-5 stig)

Lýsing: Skýrslur gefnar út án formlegrar ritrýni eða óútgefnar skýrslur og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan viðkomandi háskóla. Skýrsla verður vera aðgengileg öðrum fræðimönnum til þess að hægt sé að meta hana til stiga.

Fylgigögn: Afrit af skýrslu þar að fylgja eða tilvísun á vef.

Það sem þarf að koma fram: Nafn skýrslu, ártal, stofnun, blaðsíðufjöldi, útgáfunúmer eða númer í ritröð (ef við á) og nafn/nöfn höfunda.

D5. Hugbúnaður (0-10 stig)

Lýsing: Hugbúnaðurinn þarf að fela í sér hagnýta hugbúnaðargerð og hafa dreifingu innanlands eða erlendis annað hvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. open source).

Fylgigögn: Greinargerð með lýsingu á hugbúnaði.

Það sem þarf að koma fram: Nafn hugbúnaðar, nafn/nöfn höfunda, stærð hugbúnaðar og birtingarform.

D6. Fræðsluefni fyrir almenning (0-20 stig)

Lýsing: Ritun og/eða miðlun efnis sem hlutaðeigandi háskólamenn taka að sér vegna fræðilegrar sérþekkingar sinnar (dagblöð, tímarit, útvarp, sjónvarp eða aðrir miðlar).

Fylgigögn: Staðfesting á flutningi/birtingu þarf að fylgja umsókn eftir því sem við á

Það sem þarf að koma fram: Í samræmi við eðli framlags efnis.

D7. Sprotafyrirtæki (0-50 stig)

Lýsing: Sprotafyrirtæki og leyfissamningar við aðila utan viðkomandi háskóla. Þegar nokkur reynsla er komin á starfseminu, t.d. að 5-10 árum liðnum, er heimilt að endurmeta sprotafyrirtækið eða

leyfissamninginn til allt að 50 þjónustustiga til viðbótar. Við matið er litið til þátttöku starfsmanna og nemenda, eignarhalds og sýnileika viðkomandi háskóla í tengslum við verkefnið.

Fylgigögn: Greinargerð um starfið.

Það sem þarf að koma fram: Greinargerð um starfið.

D8. Styrkir frá öðrum en samkeppnissjóðum (0-20 stig)

Lýsing: Heildarupphæð styrkja frá aðilum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stig nema ef samkomulag er um annað.

Fylgigögn: Stjórnýsla rannsókna aflar staðfestinga úr bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. undirritað samkomulag um skiptingu stiga fyrir styrki, ef við á.

Það sem þarf að koma fram: Nafn sjóðs, upphæð styrks.

E. Fyrri störf (vegna grunnmats)

Lýsing: Starfsreynsla í fyrri störfum sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin, enda sé hún á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins og nýtist í því starfi. Ath! Einungis metið í grunnmati.

Fylgigögn: Óþarfi.

Það sem þarf að koma fram: Nafn vinnustaðar, starfsheiti, starfstímabil og starfshlutfall.

F. Almennt

Lýsing: Hér er hægt að meta atriði sem ekki eru metin í öðrum hlutum matskerfisins. Starfsreynslustig sérfræðinga með 40 - 80% rannsóknaskyldu eru metin í þessum lið.

Fylgigögn: Eftir því sem við á.

Það sem þarf að koma fram: Eftir því sem við á.